

## GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

### 2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 56.650. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 17.665, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 105 kr. fyrir hverja sauðkind, 440 kr. fyrir hvert hross, 600 kr. fyrir hvert svín og 615 kr. fyrir hvern nautgrip.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 29. nóvember 2018 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá nr. 1301/2017 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 8. janúar 2019.

*Hörgársveit, 8. janúar 2019.*

**Snorri Finnlaugsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2019